



684. fundur bæjarráðs Hveragerðis
haldinn í fundarsal Breiðumörk 20, miðvikudaginn 4. október 2017 kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Unnur Þormóðsdóttir formaður, Aldís Hafsteinsdóttir, Njörður Sigurðsson og Helga Kristjánsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri.

Unnur Þormóðsdóttir, formaður, setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 20.september 2017. - 1709027

Aldís Hafsteinsdóttir vék af fundi meðan á afgreiðslu liðarins stóð.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Ölverks Pizz&Brugghús um lengri opnun sem er í dag til 23:00 en óskað er eftir opnun til 01.00 alla daga.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við lengri opnun hjá Ölverk Pizz&Brugghús.

Fylgigögn:

[Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 20.september 2017. - 1709027](#)

2. Bréf frá Öryrkjabandalaginu frá 25.september 2017. - Trúnaðarmál. - 1710001

Erindið fært í trúnaðarmálabók.

3. Bréf frá Neytendasamtökunum frá 14.september 2017. - 1709028

Í bréfinu óska Neytendasamtökin eftir styrk frá Hveragerðisbæ.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

Fylgigögn:

[Bréf frá Neytendasamtökunum frá 14.september 2017. - 1709028](#)

4. Bréf frá Mannvirkjastofnun frá 27.september 2017. - 1710003

Í bréfinu óskar Mannvirkjastofnun eftir að Hveragerðisbær verði annað tveggja sveitarfélaga til að prufukeyra nýja byggingargátt.

Bæjarráð samþykkir að Hveragerðisbær muni prufukeyra nýju byggingargáttina.

Fylgigögn:

[Bréf frá Mannvirkjastofnun frá 27.september 2017. - 1710003](#)



5. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna húsnæðis frístundaskólans. - 1710002

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 2. október vegna húsnæðis fyrir frístundaskóla.

Bæjarráð samþykkir að leigja húsnæði Skátafélagsins Stróks undir frístundaskóla þar til eldra húsnæði leikskólans Undralands verður laust í október. Leigugreiðsla verði kr. 100.000.- á mánuði auk þess sem salur verði málaður að notkun lokinni

Fylgigögn:

[Minnisblað frá bæjarstjóra vegna húsnæðis frístundaskólans. - 1710002](#)

6. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna Kambalands. - 1710009

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 2. október vegna kaupa á byggingarlandi í Hveragerði "Kambaland".

Bæjarráð samþykkir að kaupa 22 hektara af byggingarlandi innan marka Hveragerðisbæjar, Kambaland. Allt svæðið hefur þegar verið deiliskipulagt en þar er gert ráð fyrir allt að 143 einbýlishúsalóðum, 2 parhúsalóðum og 11 raðhúsalóðum auk tveggja atvinnulóða.

Viðauki vegna kaupanna og tillaga að fjármögnun á þeim verður lögð fram þegar viðræðum um greiðslutilhögun lýkur.

Fylgigögn:

[Minnisblað frá bæjarstjóra vegna Kambalands. – 1710009](#)

[Kambaland – 1710009](#)

[Kambaland Söluýfirlit - 1710009](#)

7. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 22.september 2017. - 1709029

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 22.september 2017. – 1709029](#)

8. Fundargerð framkvæmdaráðs Almannafráðs Árnassýslu frá 19.september 2017. - 1709030

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Fundargerð framkvæmdaráðs Almannafráðs Árnassýslu frá 19.september 2017. – 1709030](#)

9. Fundargerð stjórnar Brunavarna Árnassýslu frá 29.september 2017. - 1710004

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar Brunavarna Árnassýslu frá 29.september 2017. – 1710004](#)

10. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 19.júní 2017. - 1710005

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 19.júní 2017. - 1710005](#)

11. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 31.ágúst 2017. - 1710006

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 31.ágúst 2017. – 1710006](#)

12. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 21.september 2017. - 1710007

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 21.september 2017. - 1710007](#)

13. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 29.september 2017. - 1710008

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 29.september 2017. – 1710008](#)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:00

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)